

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 33

3. árgangur

01.8.1996

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/33/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram - (Mál nr. IV/M.760 - Klöckner/Arus)01
96/EES/33/02	Beiðni um rannsókn á samfylkingu - (Mál nr. IV/M.801 - Blokker/Toys R Us)02
96/EES/33/03	Tilkynning samkvæmt 2. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4056/86 varðandi mál nr. IV/35.481 - Stena Tor Line03
96/EES/33/04	Tilkynning frá framkvæmdastjórninni til aðildarríkjanna og annarra aðila sem eiga hagsmuna að gæta um beiðni Portúgals um viðbótarfrest til að hrinda tilteknum ákvæðum í framkvæmd03
96/EES/33/05	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 2/95 - Þýskaland04
96/EES/33/06	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 3/96 - Frakkland04
96/EES/33/07	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 16/96 - Frakkland04

96/EES/33/08	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 18/96 - Frakkland	05
96/EES/33/09	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 19/96 - Ítalía	05
96/EES/33/10	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 3. 6. til 14. 6. 1996	06
96/EES/33/11	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	06
96/EES/33/12	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu - (Mál nr. IV/M.742 - Toro Assicurazioni/Nuova Tirrena)	08
96/EES/33/13	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu - (Mál nr. IV/M.748 - CGEA/NSC)	08
96/EES/33/14	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um aðferð við beitingu c-liðar 3. mgr. 92. gr. í EB-sáttmálanum gagnvart innlendri svæðaaðstoð	09
3. Dómstóllinn		
96/EES/33/15	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	10
96/EES/33/16	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	13

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.760 - Klöckner/Arus)

96/EES/33/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. 7. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Klöckner Stahl- und Metallhandel GmbH sem er undir yfirráðum VIAG AG öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir 62% eignarhluta í Arus Distribution Industrielle S.A.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Klöckner Stahl- und Metallhandel GmbH: Birgðahald og dreifing á stálvörum,
 - Arus: Birgðahald og dreifing á stálvörum og dreifing á byggingarefni til byggingariðnaðins.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 216, 26. 7. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.760 - Klöckner/Arus, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Beiðni um rannsókn á samfylkingu
(Mál nr. IV/M.801 - Blokker/Toys R Us)**

96/EES/33/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. 7. 1996 beiðni frá hollenskum yfirvöldum samkvæmt 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ um rannsókn á samfylkingu þar sem Blokker BV öðlaðist í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir Toys R Us BV sem er hollenskt dótturfyrirtæki Toys R Us með eignakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Blokker: Smásala á heimilisvörum, leikföngum og öðrum vörum,
 - Toys R Us: Smásala á leikföngum og skyldum vörum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að farið hafi verið fram á beiðni samkvæmt 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 216, 26. 7. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.801 - Blokker/Toys R Us, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Tilkynning samkvæmt 2. mgr. 12. gr. reglugerðar ráðsins
(EBE) nr. 4056/86 varðandi mál nr. IV/35.481 - Stena Tor Line****96/EES/33/03**

Þann 30. júní 1994 sendu Stena Line Service AB og Tor Line AB eftirlitsstofnun EFTA beiðni um undanþágu samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins vegna samnings um sameignarfélag sem gerður var 1987 og varðar fyrirtækið Stena Tor Line HB. Fyrirtækið annast flutninga á sameinuðum einingum (þ.e. eftirvögnum og gámum með ýmsum varningi) og notar til þess leigð ekjuskip sem eru í reglubundnum ferðum milli Gautaborgar (Svíþjóð) og Felixstowe/Harwich (Breska konungsríkinu).

Eftirlitsstofnun EFTA áframsendi tilkynninguna til framkvæmdastjórnarinnar með bréfi dagsettu þann 14. mars 1995. Í kjölfar aðildar Svíþjóðar að bandalaginu verður málið tekið fyrir samkvæmt 85. gr. sáttmálans í samræmi við reglugerð ráðsins nr. 4056/86 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 207, 18. 7. 1996).

Á þessu stigi málsins hefur framkvæmdastjórnin ekki myndað sér neina skoðun um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart samningnum. Í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 4056/86 gefur framkvæmdastjórnin aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að senda athugasemdir sínar innan 30 daga frá birtingu þessarar auglýsingar, með tilvísun til máls nr. IV/MAR/35.481, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate General for Competition
Division IV/D/3
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

**Tilkynning frá framkvæmdastjórninni til aðildarríkjanna og
annarra aðila sem eiga hagsmuna að gæta um beiðni Portúgals um
viðbótarfrest til að hrinda tilteknum ákvæðum í framkvæmd****96/EES/33/04**

Samkvæmt 4. gr. tilskipunar 96/2/EB hefur Portúgal farið fram á aðlögunartímabil:

- til 1. janúar 1998 vegna ákvæða um afnám takmarkana sem hindra að rekstraraðilar fjarskipta- og einkafjarskiptakerfa geti sett upp eigin grunnvirki, notað grunnvirki sem þriðji aðili lætur í té og samnýtt net, aðra aðstöðu eða búnað, sem samkvæmt c-lið 3. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE um samkeppni á mörkuðum fyrir fjarskiptaþjónustu, sem bætt var við með tilskipun 96/2/EB, hvað varðar fjarskipti og einkafjarskipti, áttu að koma tafarlaust til framkvæmda,
- til 1. janúar 1996 hvað varðar ákvæði um beina samtengingu farfjarskiptaneta, sem samkvæmt d-lið 3. gr. tilskipunar 90/388/EBE, sem bætt var við með tilskipun 96/2/EB, hvað varðar fjarskipti og einkafjarskipti, áttu að koma tafarlaust til framkvæmda (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 189, 29. 6. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir öðrum aðildarríkjum og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í framannefndum Stjttíð. EB.

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Portúgal.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 2/95
Þýskaland

96/EES/33/05

Framkvæmdastjórnin hefur lokið málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 4. mgr. 6. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 3855/91/KSE í tengslum við ríkisaðstoð til fyrirtækjanna Reinwald Recycling GmbH og Hansa Chemie Abbruch und Recycling GmbH (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 186 frá 26. 6. 1996).

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 3/96
Frakkland

96/EES/33/06

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans í tengslum við aðstoð sem Frakkland veitti fyrirtækinu SFMI-Chronopost (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 206 frá 17. 7. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við frönsk stjórnvöld.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 16/96
Frakkland

96/EES/33/07

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans í tengslum aðstoð Frakklands við fyrirtækið Ecopipe, sem er nýr stálrörsframleiðandi í „île de Réunion” (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 199 frá 9. 7. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við frönsk stjórnvöld.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 18/96
Frakkland

96/EES/33/08

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans í tengslum við aðstoð sem Frakklands til textíl- og fataiðnaðarins, leður- og skófatnaðariðnaðarins (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 206 frá 17. 7. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við frönsk stjórnvöld.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 19/96
Ítalía

96/EES/33/09

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 4. mgr. 6. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 3855/91/KSE í tengslum við aðstoð sem ítölsk stjórnvöld ákváðu að veita fyrirtækjunum Diano SpA, Ferriera Lamifer SpA, Ferriera Demafer Srl, Lavorazione Metalli Vari-L.M.V SpA og Nuova Sidercamuna SpA (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 215 frá 25. 7. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við ítölsk stjórnvöld.

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 3. 6. til 14. 6. 1996

96/EES/33/10

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu- fjöldi
COM(96) 235	CB-CO-96-247-EN-C ⁽¹⁾	Álit framkvæmdastjórnarinnar um breytingar sem Evrópuþingið lagði til á sameiginlegri afstöðu ráðsins hvað varðar tillögu að tilskipun ráðsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um flutning á hættulegum varningi á jarnbrautum	4.6.1996	4.6.1996	5
COM(96) 250	CB-CO-96-263-EN-C	Endurskoðuð tillaga að reglugerð ráðsins um stefnumótun á sviði matvælahjálpar, stjórnun á matvælahjálpar og sérstakar aðgerðir til að tryggja öryggi matvæla	4.6.1996	4.6.1996	37
COM(96) 249	CB-CO-96-257-EN-C	Endurskoðuð tillaga að tilskipun ráðsins um rekstrarsamhæfni samevrópska jarnbrautarnetsins fyrir hraðlestir	10.6.1996	11.6.1996	7
COM(96) 217	CB-CO-96-228-EN-C	Orðsending frá framkvæmdastjórninni í tengslum við rammisamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar	11.6.1996	12.6.1996	15
COM(96) 265	CB-CO-96-276-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins í því skyni að samþykkja tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá ökutækjum	12.6.1996	12.6.1996	5
COM(96) 281	CB-CO-96-288-EN-C	Álit framkvæmdastjórnarinnar á breytingum sem Evrópuþingið lagði til á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að tilskipun ráðsins um samræmingu á skilyrðum fyrir innlendum skipstjórnarskírteinum fyrir flutning á vörum og farþegum á skipgengum vatnaleiðum innan bandalagsins	12.6.1996	12.6.1996	6

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

96/EES/33/11

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

(¹) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
96-0206-D	Samþykkisforskrift BAPT 222 ZV 20 fyrir viðtæki í svæðisbundnu persónuleitarþjónustunni	26.8.1996
96-0207-D	Almenn stjórnáskilgættforskrift um opinbert eftirlit með að meginreglunum um góðar starfsvenjur í rannsóknarstofum sé framfylgt (ChemVwV-GLP)	26.8.1996
96-0208-D	Tilmæli um breytingu á 1. viðauka við lögum um kemísk efni	22.8.1996
96-0209-F	Fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum nr. 88-466 frá 28. apríl 1988 um vörur sem innihalda asbest	23.8.1996
96-0210-NL	Tilmæli frá verslunarráðinu fyrir skrautjurtir (PVS) um gæðakröfur fyrir blómlauka, 1996	2.9.1996
96-0211-NL	Reglugerð um breytingar á tilmælum um samsetningu, flokkun, þökkun og merkingu á plöntuvarnarefnum	2.9.1996
96-0212-D	Tilmæli til framkvæmdar sambandslögum um vernd gegn rafseguláhrifum (tilmæli um rafsegulsvið, BimSchV)	2.9.1996
96-0213-D	Gerðarviðurkenningarforskrift BAPT 213 ZV 09 fyrir SGN-búnað á Ku-sviðinu	2.9.1996
96-0214-D	Gerðarviðurkenningarforskrift BAPT 222 ZV 80 fyrir notendabúnað í farsímaþjónustunni til beinnar tengingar við hliðrænar upphringingar (að undanskildum neyðarupphringingum og sjálfvali) í þýska fjarskiptanetinu/ISDN	2.9.1996
96-0215-B	Konunglegur úrskurður um öryggiskröfur í tengslum við geymslu, varðveislu og söfnun skotfæra	9.9.1996
96-0216-F	Úrskurður um breytingu á úrskurði nr. 92-818 frá 18. ágúst 1992 um framkvæmd laga frá 1. ágúst 1905 um fjársvik og falsanir í tengslum við framleiðslu á gosdrykkjum	2.9.1996
96-0217-D	a) Almenn stjórnáskilgætttilmæli um breytingu á almennu stjórnáskilgætttilmælunum um umferðarlög (VwV-StVO) b) Skrá yfir umferðarmerki (Vzkat 1992)	4.9.1996
96-0218-NL	Tilskipun um undanþágu frá tilskipun 1996/1 um gæðakröfur (radísur)	5.9.1996
96-0219-NL	Reglugerð um almennar umbúðir og umbúðir fyrir úrgang	18.9.1996
96-0220-I	Reglugerð um leyfileg innihaldsefni í þurrkuðum og ferskum pastavörum	11.9.1996
96-0221-A	Drög að tilskipun (í tveimur útgáfum) frá svæðastjórninni í Steiermark um lágmarkskröfur um hitaeinangrun fyrir tilteknar byggingar og byggingareiningar (tilskipun um hitaeinangrun)	11.9.1996
96-0222-A	Tilskipun um breytingu á byggingartæknireglugerð	12.9.1996
96-0223-A	Tilskipun frá svæðastjórninni í Efra-Austurríki um notkun dýra við landbúnaðarstörf	11.9.1996
(³)(⁴)(⁵)		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnáskilgættdeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

(¹) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(²) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(³) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(⁴) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

(⁵) Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.742 - Toro Assicurazioni/Nuova Tirrena)**

96/EES/33/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. 5. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ítölsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CIT“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0742. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.748 - CGEA/NSC)**

96/EES/33/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. 5. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CXL“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0748. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

(¹) Stjórnartíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjórnartíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um aðferð við beitingu 96/EES/33/14
c-liðar 3. mgr. 92. gr. í EB-sáttmálanum gagnvart innlendri svæðaaðstoð**

Árleg uppfærsla viðmiðunarmarka

Í fyrri orðsendingu ⁽¹⁾ lýsti framkvæmdastjórnin aðferð við beitingu c-liðar 3. mgr. 92. gr. gagnvart innlendri svæðaaðstoð. Aðferðin tekur til viðmiðunarmarka sem notuð eru til að meta félagshagfræðilega stöðu svæðis og sem eru uppfærð árlega til að taka mið af breytingum á stöðu aðildarríkis hvað varðar tekjur og viðvarandi atvinnuleysi miðað við meðaltal í bandalaginu. Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að uppfæra fyrri viðmiðunarmörk⁽²⁾ svo sem hér segir:

Viðmiðunarmörk framkvæmdastjórnarinnar sem taka gildi 29. maí 1996

Aðildarríki	Verg landsframleiðsla/heildarvirðisauki á mann	Viðvarandi atvinnuleysi
Belgía	82	123
Danmörk	74	115
Þýskaland(*)	77	130
Grikkland	85	121
Spánn	85	110
Frakkland	80	110
Írland	85	110
Ítalía	85	110
Lúxemborg	69	145
Holland	83	141
Portúgal	85	145
Breska konungsríkið	85	111
Austurríki(**)	79	
Finnland	81	110
Svíþjóð	75	134

(*) Þýska alþýðulýðveldið fyrrverandi sem var innlimað 1991.

(**) Atvinnuleysismörkin fyrir Austurríki verða birt jafnskjótt og tölur yfir atvinnuleysi liggja fyrir.

⁽¹⁾ Stjttfð. EB nr. C 212, 12. 8. 1988, bls. 2.

⁽²⁾ Stjttfð. EB nr. C 282, 26. 10. 1995, bls. 11.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

96/EES/33/15

Dómur dómstólsins frá 23. maí 1996 í máli C-5/94 (beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice, Queen's Bench Division): The Queen gegn Ministry of Agriculture, Fisheries and Food, fyrir hönd: Hedley Lomas (Írlandi) Ltd (frjásir vöruflutningar, dýravernd - samræmingartilskipun - 36. gr. EB-sáttmálans - ósamningsbundin skuldbinding aðildarríkja vegna brots á lögum bandalagsins).

Dómur dómstólsins frá 30. apríl 1996 í máli C-13/94 (beiðni um forúrskurð frá Industrial Tribunal, Truro): P. gegn S. og Cornwall County Council (jafnrétti kynjanna - brottrekstur kynskiptings).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 2. maí 1996 í máli C-133/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu (mat á áhrifum tiltekinna verkefna á umhverfið - tilskipun ráðsins 85/337/EBE).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 14. maí 1996 í sameinuðum málum C-153/94 og C-204 (beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice, Queen's Bench Division): The Queen gegn Commissioners of Customs and Excise, fyrir hönd Faroe Seafood Co. Ltd. og Føroya Fiskasøla L/F (mál C-153/94); fyrir hönd John Smith og Celia Smith sem stundar viðskipti undir heitinu Arthur Smith (fyrirtæki) (mál C-204/94)(tollmeðferð tiltekens varnings frá Færeyjum - hugtakið uppruni vöru - endurgreiðsla tollgjalda eftir tollmeðferð).

Dómur dómstólsins frá 30. apríl 1996 í máli C-194/94 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Commerce de Liège): CIA Security International SA gegn Signalson SA og Securitel SPRL (túlkun 30. gr. EB-sáttmálans og tilskipunar 83/189/EBE um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða - innlend löggjöf um markaðssetningu viðvörunarkerfa og neta - fyrirvari um samþykki stjórnvalda).

Dómur dómstólsins frá 30. apríl 1996 í máli C-214/94 (beiðni um forúrskurð frá Bundesarbeitsgericht): Ingrid Boukhalfa gegn Bundesrepublik Deutschland (ríkisborgari aðildarríkis með aðsetur í landi sem ekki er aðildarríki - ráðinn sem staðbundinn starfsmaður sendiráðs annars aðildarríkis í þessu landi sem ekki er aðildarríki - fær aðra meðferð en staðbundnir starfsmenn sem eru ríkisborgarar aðildarríkis viðkomandi sendiráðs - beiting laga bandalagsins - bann við mismunun vegna þjóðernis).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 2. maí 1996 í máli C-231/94 (beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof): Faaborg-Gelting Linien A/S gegn Finanzamt Flensburg (beiðni um forúrskurð - virðisaukaskattur - kaup á veitingarekstri um borð í skipi - staður skattskyldra kaupa).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 23. maí 1996 í máli C-237/94 (beiðni um forúrskurð frá Social Security Commissioner): John O'Flynn gegn Adjudication Officer (félagslegar bætur fyrir launþega - greiðsla vegna jarðarfarar).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 28. mars 1996 í máli C-243/94 (beiðni um forúrskurð frá Sozialgericht Stuttgart): Alejandro Rincón Moreno gegn Bundesanstalt für Arbeit (félagslegt öryggi farandlaunþega - fjölskyldubætur - 74. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71).

Dómur dómstólsins (fjórða deild) frá 23. maí 1996 í máli C-326/94 (beiðni um forúrskurð frá Rechtbank van Eerste Aanleg, Brussels): A. Maas & Co. NV gegn Belgische Dienst voor Bedrijfsleven en Landbouw, sem nú heitir Belgisch Interventie- en Restitutiebureau (matvælaaðstoð - öryggi - skyldur tilboðsgjafa - viðmiðunarverð).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 23. maí 1996 í máli C-331/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi (virðisaukaskattur - skattur á fólksflutninga, útsýnisferðir á sjó og pakkaferðir).

(¹) Sjá Stjttð. EB nr. C 197, 6. 7. 1996.

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 28. mars 1996 í máli C-160/95: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - tilskipun 91/156/EBE ekki tekin upp í landslög - úrgangur).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 28. mars 1996 í máli C-161/95: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - tilskipun 91/271/EBE ekki tekin upp í landslög - hreinsun á skólpi frá þéttbýlisstöðum).

Fyrirmæli dómstólsins frá 3. maí 1996 í máli C-399/95 R: Sambandslýðveldið Þýskaland, stutt af Neue Maxhütte Stahlwerke GmbH, gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (bráðabirgðaaðgerðir - frestun á framkvæmd aðgerða - ríkisstyrkir - sáttmáli KSE).

Mál C-139/96: Mál höfðað þann 26. apríl 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-145/96: Beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht Rheinland-Pfalz samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 15. mars 1996 í máli Bernd von Hoffmann gegn Finanzamt Trier.

Mál C-146/96: Mál höfðað þann 2. maí 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-147/96: Mál höfðað þann 3. maí 1996 af Konungsríkinu Hollandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-150/96 P: Áfrýjað var þann 3. maí 1996 af Roberto Galtieri dómi uppkveðnum þann 27. febrúar 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fyrsta deild) í máli T-235/94 milli R. Galtieri og Evrópuþingsins.

Mál C-151/96: Mál höfðað þann 6. maí 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi.

Mál C-153/96 P: Áfrýjað var þann 7. maí 1996 af Jan Robert de Rijk dómi uppkveðnum þann 7. mars 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fimmta deild) í máli T-362/94 milli Jan Robert de Rijk og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna).

Mál C-154/96: Beiðni um forúrskurð frá 11. deild Tribunal du Travail, Brussel, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 22. apríl 1996 í máli Louis Wolfs gegn Office National des Pensions.

Mál C-157/96: Beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice, Queen's Bench Division samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 3. maí 1996 í máli The Queen gegn Ministry of Agriculture, Fisheries and Food og Commissioners for Customs & Excise, fyrir hönd: The National Farmers' Union, David Burnett and Sons Limited, R.S. og E. Wright Limited, Anglo Beef Processors Limited, United Kingdom Genetics (fyrirtæki), Wyjac Calves Limited, International Traders Ferry Limited, MFP International Limited, Interstate Truck Rental Limited og Vian Exports Limited, meðalgöngumenn: Anglo Dutch Meat Exports Limited, Beck Food Group Limited, First City Trading Limited, Weddel Swift Limited, Carrex August Limited, Meatal Supplies (heildsöluþjót) Limited, Meat Marketing Services (Breska konungsríkinu) Limited, NWL (Írlandi) Limited, Hibernia Foods plc, D.T. Duggins Limited, Swallow Foods International Limited og The British Association of Sheep Exporters.

Mál C-160/96: Beiðni um forúrskurð frá Sozialgericht Karlsruhe samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 28. mars 1996 í máli Manfred Molenaar og Barbara Fath-Molenaar gegn Allgemeine Ortskrankenkasse Baden-Württemberg.

Mál C-161/96: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 19. mars 1996 í máli Südzucker AG Mannheim/Ochsenfurt gegn Hauptzollamt Mannheim.

Mál C-162/96: Beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 7. mars 1996 í máli A. Racke GmbH & Co gegn Hauptzollamt Mainz.

Mál C-163/96: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di la Spezia samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 12. apríl 1996 í sakamáli sem er í gangi fyrir þeim dómstól á hendur Silvano Raso, o.fl.

Mál C-164/96: Beiðni um forúrskurð frá Consiglio de Stato samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 9. janúar 1996 í máli Regione Piemonte gegn Sai Agricola SpA.

Mál C-171/96: Beiðni um forúrskurð frá Royal Court of Jersey samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 11. apríl 1996 í máli Rui Alberto Pereira Roque gegn His Excellency the Lieutenant Governor of Jersey.

Mál C-172/96: Beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice, Queen's Bench Division samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 13. maí 1996 í máli Commissioners of Customs and Excise gegn First National Bank of Chicago.

Mál C-173/96: Beiðni um forúrskurð frá Sala de lo Social í Tribunal Superior de Justicia de Castilla la Mancha samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 25. apríl 1996 í máli Francisca Sánchez Hidalgo o.fl. gegn Asociación de Servicios Aser og Sociedad Cooperativa Minerva.

Mál C-176/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Première Instance de Bruxelles samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 23. apríl 1996 í máli Jyri Lehtonen og ASBL Castor Canada Dry Namur-Braine gegn ASBL Fédération Royale Belge des Sociétés de basket-ball.

Mál C-178/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunal Amministrativo Regionale per la Lombardia samkvæmt úrskurði þess dómstóls frá 7. nóvember 1996 í máli Stefano Serbini gegn utanríkisviðskiptaráðuneytinu.

Mál C-180/96: Mál höfðað þann 24. maí 1996 af Breska konungsríkinu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-195/95 tekið af málaskrá: José Oliveira-Neves gegn Bundesanstalt für Arbeit.

Sameinuð mál C-261/94 og C-262/94 tekin af málaskrá: Centralped Srl gegn Amministrazione delle Finanze dello Stato (C-261/94) og For Trans Srl gegn Amministrazione delle Finanze dello Stato (C-262/94).

Mál C-116/95 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

**Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna
á fyrsta dómstigi⁽¹⁾****96/EES/33/16**

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 22. maí 1996 í máli T-277/94: Associazione Italiana Tecnico Economica del Cemento (AITEC) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ákvörðun um ólögmetra ríkisaðstoð - beiðni um málshöfðun vegna brots á sáttmálanum - máli vísað frá - málshöfðun vegna ógildingar aðgerða - ákvörðun - mál ekki dómhæft - málshöfðun vegna yfirlýsingar um vanrækstlu - máli vísað frá).

Mál T-58/96: Mál höfðað þann 25. apríl 1996 af PARTEX, Companhia Portuguesa de Serviços, SA, gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-60/96: Mál höfðað þann 29. apríl 1996 af Merck & Co. Inc., N.V. Organon og Glaxo Wellcome Plc gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Sjá Stjútíð. EB nr. C 197, 6. 7. 1996.